

Ed.

118. Frumvarp til laga

um sérstaka sókn í Laugarnesskólahverfi.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í Laugarnesskólahverfi við Reykjavík skal stofna sérstaka sókn, er heitir Laugarnessókn. Skal kirkjustjórnin ákveða takmörk hennar, eftir tillögum sóknarnefndar núverandi dómkirkjusafnaðar, þannig, að í hinni nýju sókn verði nú 2000—3000 manns.

2. gr.

Þegar Laugarnessókn hefir verið ákveðin, skal skipa þar prest eftir kosningu sóknarmanna. Skal hann hafa þar á hendi alla prestsþjónustu eins og sérstakt prestakall væri. En auk þess skal hann, eftir því sem embættisstörf hans leyfa, halda guðsþjónustur í öðrum úthverfum dómkirkjusóknarinnar.

3. gr.

Söfnuður Laugarnessóknar kemur sér upp kirkju. Skulu kirkjugjöld frá öllum sóknarmönnum renna til hennar frá ársbyrjun þess árs, er sóknarskipunin hefir löglega farið fram.

4. gr.

Þegar sóknarmenn Laugarnessóknar hefjast handa um byggingu varanlegrar kirkju handa söfnuðinum, leggur Reykjavíkurbær til land undir hana, svo og lóð, er nægja myndi fyrir prestsseturshús. Þá skal og ríkið leggja fram $\frac{2}{5}$ byggingarkostnaðar kirkjunnar, þó ekki yfir 30000 krónur, er greiðist á 10 árum, og skoðast það sem partur af væntanlegri greiðslu við afhending dómkirkjunnar í hendur söfnuðinum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hefir legið fyrir frumvarp um afhendingu dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík o. fl. Hefir aðalefni þess verið það, að ríkið greiði dómkirkjusöfnuðinum 300000 krónur um leið og það afhendir söfnuðinum kirkjuna, enda annist þá söfnuðurinn bygging kirkna í Reykjavík framvegis. Gjaldið átti að greiða á 30 árum með jöfnum afborgunum, enda hefði ríkið ókeypiss afnot af dómkirkjunni til sinna þarfa. Þá skyldi skipta prestakallinu í 6 sóknir, er mynduðu 4 prestaköll með svo mörgum prestum, að einn prestur væri að jafnaði fyrir hverjar 5 þúsundir safnaðarmanna.

Um það verður ekki deilt, að það ástand, sem nú er í þessum efnunum, er óviðunandi, og versnar það sífellt með vaxandi fjölda bæjarmanna. Á hinn bóginn mun það hafa dregið úr því, að málið væri afgreitt, að í þessum frumvörpum hefir allt málið verið afgreitt í einu án þess að verulegur undirbúningur hafi verið fyrir hendi.

Nú er sú breyting orðin á þessu, að þegar er hafinn nokkur vísir að safnaðarstarfi í úthverfum bæjarins, og þá sérstaklega í Laugarnesskólahverfi, enda er þar nú mikill mannfjöldi saman kominn og það alllangt frá dómkirkjunni. Síðan í haust hefir verið haldið uppi nokkurn veginn reglubundnum guðsþjónustum. Hafa þær verið vel sóttar og sannað fullkomlega, að hér er tímabært að stofna til fastrar kirkjulegrar starfsemi. Jafnframt hefir þetta og sýnt, að einmitt þessi tilhögun, að skipta bænum í sóknir, er leiðin til þess að glæða kirkju- og safnaðarlíf hér.

Til Alþingis hefir nú borizt erindi frá sóknarnefnd dómkirkjunnar og undirbúningsnefnd kirkjumála í Laugarnesskólahverfi, þar sem leitað er úrlausnar þessa máls. Er frumvarp þetta svar við þeirri málaleitun.

Hér er nú hafið raunverulegt starf í þessa átt og áhugi fólksins stendur þar á bak við. Virðist þá tímabært að hefja þessar óhjákvæmilegu framkvæmdir.

Um einstakar greinar má segja þetta:

Um 1. gr.

Hér er ekki farið fram á stofnun nýs prestakalls, heldur aðeins sóknar, vegna þess, að prestakallaskipunin verður að bíða þess tíma, að sóknaskiptingu sé lengra komið. Verður þá fyrst unnt að sjá, hvernig sóknum verður á hentugastan hátt raðað saman í prestaköll.

Um 2. gr.

Meðan svo er, sem í 1. gr. er sagt, getur prestur þessarar sóknar haft ærið starf annarsstaðar, þar sem þörf er á guðsþjónustu, svo sem við Skerjafjörð, þar sem nú er allmikill bær myndaður langt frá aðalbænum, og vestur á Seltjarnarnesi, þar sem mjög mikil þörf er á sérstakri sókn.

Um 3. gr.

Sennilegt er, að söfnuðurinn komi sér fyrst upp bráðabirgðakirkju eða húsi til safnaðarstarfsins.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að áður en mjög langt liður, verði að koma upp varanlegri kirkju. Virðist þá ekki nema fullkomlega sanngjarnt, að núverandi kirkjuhaldari, ríkið, sem að réttu lagi er skyldugt til þess að sjá fyrir nægilegum kirkjum handa söfnuðunum, taki þátt í kostnaðinum. Enda hlýtur að því að reka, að ríkið annaðhvort inni þessa skyldu af hendi, eða semji við söfnuðinn um framkvæmd málsins. Myndi þá þessi byrjunargreiðsla koma upp í þá fjárhæð, sem um væri samið. Þá virðist og sanngjarnt, að bærinn sýni þessu starfi viðurkenningu með því að leggja til land.

Loks er hér prentuð sem fylgiskjal skýrsla séra Garðars Svavarssonar, sem haft hefir á hendi prestsþjónustu í Laugarneshverfi í vetur.

Fylgiskjal.

Skýrsla um kirkjulegt starf í austustu hverfum bæjarins haustið 1936 til febrúarloka 1937.

Á fundi sóknarnefndar dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík, í miðjum okt. 1936, var það ákveðið að ráða mig undirritaðan til að hafa á hendi kirkjulegt starf: barnaguðsþjónustur, húsvitjanir og almennar guðsþjónustur, fyrir austustu hverfi bæjarins, þ. e.: Kirkjusandsbyggð, Kleppsholt, Laugabyggð, Laugardalsbyggð, Suðurlandsbrautarbyggð, Kringlumýri og Sogamýri. Er álitid, að á þessum svæðum muni búa hátt á þriðja þúsund manns. — Var ráðning mín ákveðin til 14. maí 1937.

Barnaguðsþjónusturnar. Þær hófust þegar, er ráðningin hafði farið fram. Hin fyrsta fór fram þann 18. okt. 1936 og síðan reglulega hvern sunnudagsmorgun í Laugarnesskóla, þar sem sóknarnefnd hafði fengið afnot af stofu til þessa starfs. Stofan rúmar vel hundrað börn. Nú í febr.lok hafa farið fram samtals 20 barnaguðsþjónustur. Flest hafa börnin verið 112, fæst 45, og þá vegna vonds veðurs, en allajafnan hefir fjöldi þeirra verið milli 80 og 100. Óviða í bænum munu barnaguðsþjónustur hafa verið jafnvel sóttar, miðað við íbúafjölda á svæðinu.

Við barnaguðsþjónusturnar hefir herra cand. theol. Magnús Runólfsson starfað með mér. Hafði hann starfað að sama þar árið áður, og hefir mér verið mikill og góður styrkur að samstarfi hans.

Höfum við haft saman undirbúningsstund hvern laugardag. Annars hafa barnaguðsþjónusturnar farið fram þannig, að við höfum leitast við að gera börnin einnig virk. Þau hafa skipst þar á að lesa upp hollar og heilbrigðar sögur, og jafnvel eitt þeirra skemmt nokkrum sinnum með hljóðfæraleik. Þetta hefir skapað börnunum ánægju og gefið festu í aðsóknina. Sjálfir höfum við einnig lesið og sagt þeim sögur. Alltaf lagt út af texta, oft sveigt útleggunguna inn í samtalsform við börnin, til að gera þeim hann sem ljósastan og oft einnig haft biblíumyndir til skýringar. Minnistexta hafa þau og að jafnaði fengið, sem þau hafa öll yfir og eiga að muna til næstu samveru. Guðsþjónustan byrjar með bæn og endar með bæn og er fléttuð fallegum sálum og söngvum. — Sjálfir höfum við haft gleði og gagn af barna-

starfinu, og við leyfum okkur að draga þá ályktun af aðsókninni, að sama gildi um börnin.

Húsvitjanirnar. Ég segi hér frá húsvitjununum áður en ég segi frá almennu guðsþjónustunum eða messunum, vegna þess að í þessu tilfelli voru húsvitjanirnar beinlínis skilyrði þess, að messurnar eða almennu guðsþjónusturnar gætu hafizt. Á það þær orsakir, sem nú skal greina: Þegar sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins hafði sótt um það til skólanefndar Laugarnesskólans að fá þar eina stofu til afnota hvern sunnudag, til guðsþjónustuhalds fyrir íbúa skólahverfisins, þá fékk hún það svar, að það væri heimilt, en með því skilyrði, að hver einstakur, sem þangað sækti, hefði heilbrigðisvottorð, og skirskotaði skólanefnd þar um til heilbrigðisákvæða skólans.

Það var því ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort að hætta alveg við guðsþjónustuhald þar innfrá, — sem þótti slæmt, bæði vegna þess, að áður hafði komið til mála að hefja þar slíkt starf, og vegna þess, hversu íbúafjöldi þar hefir aukizt, — eða að fara til íbúanna og spyrja þá: „Hafið þið þann áhuga fyrir því, að fá guðsþjónustur nær ykkur, að þið viljið vinna það til að afla ykkur ókeypis heilbrigðisvottorðs, sem verður gefið í skólahúsinu sjálfu af skólalækninum, sem í því skyni verður til viðtals á tilteknum tíma, sem ykkur verður tilkynntur?“

Þessi leið var farin. Þann 26. okt. 1936 byrjaði ég að húsvitja. Skýrði ég alstaðar alla málavöxtu og dró þá saman eins og gert er í setningunni hér að ofan. Var þessu máli yfirleitt tekið mjög vel og húsvitjuninni sjálfri sumstaðar tekið enn betur, því víða voru einstæðingar og víða voru þeir, sem tóku tækifærinu feginsamlega til að ræða kristindómsmálin í einlægni og hispurslaut. — Þann 5. des. hafði ég heimsótt um 100 heimili, eingöngu í Kirkjusandshverfi og í Kleppsholti. Lengra var þá ekki komið, en meiningin, að messurnar byrjuðu endilega fyrir jól; þess vegna tók sóknarnefndin það ráð, þó ekki væri húið að húsvitja nema þann hluta af svæðinu, að skrifa þeim af þessum heimilum bréf, sem tekið höfðu málinu ákveðið jákvætt. Reyndust þau 76 (þ. e. 76%). Í bréfunum var málið stuttlega skýrt og aðalástæðan til þessa tilgreind, nfl. fjarlægð þessara svæða frá kirkjunum í bænum, og það tiltekið, að lækni yrði við til að skoða og gefa vottorð þrjú ákveðin tilgreind skipti næstu daga. Læknirinn var við dagana 9., 10. og 12. des., 1½ tíma hvern dag, og til hans komu og fengu heilbrigðisvottorð rúmt 60 manns, en auk þess voru nokkrar fjölskyldur, sem um er vitað, að öfluðu sér heilbrigðisvottorðs í þessu skyni hjá sínum eigin húslæknum.

Nú voru guðsþjónusturnar hafnar (þann 13. des.) og þeim haldið áfram reglulega hvern helgan dag við góða aðsókn; jafnframt hélt ég áfram að húsvitja ný og ný svæði, og nú í febrúarlök eru húsvitjanirnar samtals orðnar á 3. hundrað. Er síðan meiningin, ef vottorðaskilyrðið verður látið gilda áfram, að hafa lækninn við á ný fyrir þá af íbúum hinna nýju svæða, sem tekið hafa málefningu vel, og vil ég geta þess, að undirtektirnar á hinum nýju svæðum hafa til þessa verið hinar sömu, verið alveg eins ágætar og á hinum fyrri.

Almennu guðsþjónusturnar (messurnar). Þær hófust hinn 13. des., eins og fyrr er sagt; síðan var messað: Aðfangadagskvöld jóla, jóladag, nýársdag og síðan reglulega hvern sunnudag fram til þessa. Þær fara fram í Laugarnesskólanum í sömu stofu og barnaguðsþjónusturnar. Munu þar rúmast í sætum tæpt hundrað manns. Messutíminn er hvern sunnudag kl. 2 e. h. Á meðan guðsþjónusturnar fara fram er í stofunni komið fyrir altari og altaristöflu (stór Krists-mynd) og prédikunarstól. Fara guðsþjónusturnar fram með sama hætti og kirkjulegar guðsþjónustur, þ. e. með altariþjónustu og messusvörum, aðeins skryðist presturinn ekki rykkilíni né hökli, þar eð um óvigt hús er að ræða.

Fullyrði ég, að þetta fyrirkomulag guðsþjónustanna á ríkan þátt í því, hversu vel þeim hefir verið tekið og hversu vel þær hafa verið sóttar.

Í fyrstu voru auðvitað engir ákveðnir söngkraftar fyrir hendi, en komið hafði verið að máli við herra Brynjólf Þorláksson, fyrrv. dómkirkjuorganista, um að taka

að sér orgelleikinn. Tók hann því vel, og síðan á jólum hefir hann haft hann á hendi. Fyrstu tvær guðsþjónusturnar hljóp Síonskórinn undir bagga af sinni hjálfýsi, og á beztu þakkir fyrir.

Síðan lögðum við Brynjólfur Þorláksson af stað um svæðið, og fyrir visbending góðra manna tókst okkur að fá fram um 20 manna söngflokk, sem allur, að einum manni undanteknum, er búsettur á þessum svæðum. Eru það allt sjálfboðaliðar, sem ekki aðeins hafa sýnt þá velvild að syngja við guðsþjónusturnar og mæta á æfingu tvisvar í viku, heldur einnig sýnt þá fórnfýsi að ljá fram sín eigin heimili og hljóðfæri til söngæfinganna, því enn hefir ekki tekizt að útvega ákveðið húsnæði fyrir æfingarnar.

Að lokum vil ég geta þess, að að aflokinni messu sunnudaginn 31. jan. þ. á. hafði sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins boðað til umræðufundar um framtíð kirkjumála á þessum svæðum. Skólastjóri hafði góðfúslega leyft, að vottorðaskilyrðið skyldi ekki gilda um þessa guðsþjónustu. Var hún því öllum velkomin og boðuð þannig. Þessi guðsþjónusta var svo vel sótt, að margir urðu að standa. Umræðurnar á eftir urðu hinar fjörugustu; tóku margir af ibúum hverfanna til máls, og létu allir í ljós einskæra ánægju yfir að hafa fengið þessar guðsþjónustur, og létu sem einn maður í ljós, að þær mættu ekki falla niður. Kom að lokum fram tillaga um að kjósa fimm manna nefnd til að:

- 1) Vinna að því, að þessar guðsþjónustur féllu ekki niður.
- 2) Athuga leiðir og möguleika til að koma upp bráðabirgðahúsi, eða framtíðarkirkju fyrir starfið á þessu svæði, svo og hvar það eða hún skuli standa.

Nefndin var kosin og er skipuð þessum mönnum: Jóni Ólafssyni bifreiðaeftirlitsmanni, Laugarnesvegi, Emil Rokstad refaræktarm., Bjarmalandi, Tryggva Guðmundssyni bústjóra, Kleppi, Ólafi Jóhannssyni fyrrv. skipstj., Sogahlíð, og Carli Olsen stórkaupm., Sundlaugaveg. Nefndin var kosin til að starfa í samráði við sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins, og er nú framtíð máisins í höndum þessara aðilja.

Ég leyfi mér að álykta af festunni í aðsókninni að barnaguðsþjónustunum, af þeirri velvild, sem húsvitjanirnar hafa mætt, af þeim skilningi og þeirri aðsókn, sem guðsþjónusturnar hafa notið, svo og af þeirri fórnfýsi, sem ýmsir af ibúum svæðanna hafa sýnt þessu málefni, --- að nokkur kristileg hreyfing sé vakin á þessum svæðum. Ég álit, ef vel fer, að sú hreyfing eigi í sér þann möguleika að verða ekki aðeins þessum svæðum sjálfum að gagni, heldur geti einnig verkað örvandi og hvetjandi fyrir kristnilíf annara svæða í bænum.

Auðvitað er þetta allt ekki nema veik byrjun og því ekki rétt um það neinu að spá. Framtíð þess fer eftir því, hvort rétt er gert á réttum tíma af þeim, sem um þessi mál fjalla af mestum áhuga.

Þess skal getið, að þessi starfsemi var hafin með samþykki dómkirkjuprestanna í Reykjavík, og þess getið í bréfi sóknarnefndar til fólksins, að hún færi fram undir þeirra umsjá.

Reykjavík, 28. febrúar 1937.

Garðar Svavarsson.